



Breiðafjarðarnefnd

131. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 26. mars 2013 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfssdóttir formaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Arnheiður Jónsdóttir og Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Erla Friðriksdóttir boðuðu forföll.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 130. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Tilnefning Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO

Umhverfis-og auðlindaráðuneytið fer þess á leit að Breiðafjarðarnefnd taki saman yfirlit um gögn og stöðu þekkingar um Breiðafjarðarsvæðið sem er á yfirlitsskrá Ísland fyrir heimsminjasamnings UNESCO vegna menningar- og náttúruminja.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fór yfir yfirlitsskrá fyrir heimsminjasamning UNESCO. Ritara er falið að ljúka við skráninguna. Nefndin ákvað að óska eftir fresti til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna gagnaöflunar.

Bæklingur um nytjar á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd fór yfir textann í nytjabæklingnum og töldu hann að mörgu leyti vera góðan. Nefndarmenn munu skila athugasemdum fyrir 15. apríl.

Starfsskýrsla 2012

Ritari lagði fram drög að starfsskýrslu 2012.

Afgreiðsla:

Lokið verður við starfsskýrsluna á næsta fundi nefndarinnar.

Önnur mál

Lagður var fram tölvupóstur Kolbrúnu Reynisdóttur fyrrum formanns Breiðafjarðarnefndar um B.A. verkefni tveggja aðila um Hallbjarnareyri og fólksfjölda- og íbúaþróun í Eyrarsveit á 19. öld.

Bréf Huldu Birnu Albertsdóttur „Örnefnaskráning í Dalabyggð á ráðstefnu landfræðinga 11.-14. júní 2013“ var lagt fram.



Breiðafjarðarnefnd

Fjallað var um grein í Skessuhorninu dags. 14. mars 2013 um síldardauðann í Kolgrafafirði og viðtal við Róbert A. Stefánsson.

Fundi var slitið kl. 14:10. Næsti fundur er áætlaður í 23. apríl 2013.